

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

614. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. september 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Reykjahöfða ehf.
2. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2009.
3. Bréf Samvinnunefndar um svæðisskipulag í Austur-Húnavatnssýslu.
4. Bréf Önnu Drafnar Daníelsdóttur.
5. Fundargerð stjórnar SSNV frá 15. september sl.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt aðalfundarboð Reykjahöfða ehf. Fundurinn verður haldinn á Gauksmýri þann 5. október nk. kl. 15:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
2. Fram lögð til kynningar upplýsingar og dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður í Reykjavík 1. og 2. október nk.
3. Fram lagt bréf og fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag í Austur-Húnavatnssýslu. Um er að ræða kynningu á breytingum svæðisskipulags í Austur-Húnavatnssýslu. Samþykkt að vísa bréfinu ásamt meðfylgjandi fundargerð til kynningar skipulags- og umhverfisráðs.
4. Fram lagt bréf Önnu Drafnar Daníelsdóttur þar sem hún þakkar sveitarstjórn fyrir veittan stuðning við tónlistarnám sitt.
5. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar SSNV frá 15. september sl.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Farið yfir áhersluatriði sem lögð verði fyrir Fjárlaganefnd Alþingis á fundi þann 30. september nk.
7. Samþykkt að Raket Runólfsdóttir verði fulltrúi Húnaþings vestra í starfshóp á vegum SSNV sem ætlað er að meta möguleika á frekara samstarfi og samþættingu félags- og skólaþjónustu á Norðurlandi vestra. Heimir Ágústsson situr hjá við afgreiðsluna.

Oddur Sigurðarson vék af fundi kl. 11:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:30.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson
Þ. Karl Eggertsson(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).